



SJÓMANNASAMBAND
ÍSLANDS



Atvinnuveganefnd Alþingis

Reykjavík 14. október 2022.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins, 10. mál.

Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna og VM-Félag vélstjóra og málmtækninga hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins sem nokkrir þingmenn hafa lagt fram á Alþingi. Rétt er að benda á að innan Sjómannasambands Íslands, Félags skipstjórnarmanna og VM-Félags vélstjóra og málmtækninga eru sjómenn sem hafa atvinnu af sjómennsku og eru launamenn hjá útgerðum þessa lands. Með þingsályktunartillögunni er verið að leggja til að stækka þann hluta sem tekinn er af aflaheimildum hvers árs úr 5,3% í 8,3% af úthlutuðum heildarafla til svokallaðra „félagslegra verkefna“. Verði þetta að veruleika er verið að skerða atvinnumöguleika og þar með tekjur þeirra sjómanna, þ.e. félagsmanna framangreindra samtaka, sem hafa fiskveiðar að atvinnu og færa veiðiheimildir frá þeim til óskilgreindra gæluverkefna í boði stjórnvalda.

Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna og VM-Félag vélstjóra og málmtækninga mótmæla þessari þingsályktunartillögu og telja að þegar hafi verið gengið of langt í að færa veiðiheimildir frá þeim sem hafa atvinnu af fiskveiðum til annarra, þ.e. til þeirra sem selt hafa sig út úr greininni eða til manna sem stunda fiskveiðar í frítíma sínum en hafa megin hluta tekna sinna af annarri atvinnu.


Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er því haldið fram að „félagslegar“ veiðar efli atvinnu. Í þessu samhengi er sérstaklega talað um strandveiðar og áhrif þeirra. Staðreyndin er hins vegar sú að með þeirri tilfærslu á veiðiheimildum sem þegar á sér stað með hinum svokölluðu strandveiðum er verið að stuðla að því að sjómenn sem hafa fiskveiðar að aðalstarfi þurfi að sætta sig við að vera atvinnulausir síðustu mánuði hvers fiskveiðiárs þar sem veiðiheimildirnar hafa verið fluttar frá atvinnuveitendum þeirra til annarra, sem ekki hafa beina atvinnu af fiskveiðum allt árið eins og félagsmenn undirritaðra samtaka. Á þetta er bent hér að framan.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er því einnig haldið fram að strandveiðar séu mótvægi við aukna fákeppni og samþjöppun veiðiheimilda. Strandveiðar hafa lítið með nýliðun í sjávarútvegi að gera og eru ekkert mótvægi við aukna samþjöppun í sjávarútvegi. Alþingi væri nær að lagfæra 13. grein laganna um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, með síðari breytingum, þar sem fjallað er um hámarks eignarhald hveftrar útgerðar á aflamarki og hverjir teljist tengdir aðilar í því sambandi. Með lagfæringu á þeirri grein væri tekið á aukinni samþjöppun og fákeppni í greininni. Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna og

VM-Félag vélstjóra og málmteknimanna munu styðja lagfæringu á 13. gr. laganna um stjórn fiskveiða um hámarks eignarhald aðila á veiðiheimildum, en hafna alfarið að stærri hluti veiðiheimilda sé færður í einhvern óskilgreindan félagslegan hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins sem engu skilar, hvorki fyrir þjóðarþúið né brothættar byggðir þessa lands.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

f.h. Félags skipstjórnarmanna,



f.h. VM-Félags vélstjóra og málmteknimanna

